

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum fiskibáta í mars—apríl 1983.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til fiskiskipa annarra en þeirra, er togveiðar stunda samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 2 3. janúar 1983, um takmarkanir á þorskveiðum togskipa árið 1983.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22.00 29. mars 1983 til kl. 12.00 á hádegi 5. apríl 1983, eru fiskiskipum, sbr. 1. gr. bannaðar þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi. Á þessu tímabili er óheimilt að hafa nokkur þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar samkvæmt 2. gr., má hlutfall þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskafli undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskafli veiðiferðar yfir 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

4. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili, sem þorskveiðar eru því bannaðar samkvæmt 2. gr., og hlutfall þorsks í afla reynist herra en 15%, skal svo litið á, að um ólöglegan afla sé að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 3. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru því bannaðar. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabils, samkvæmt 2. gr., hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 16. mars 1983.

F. h. r.
Jón L. Arnalds.

Jón. B. Jónasson.